

Leikskólinn Höfðaberg

Heiti fundar

4.Fundur Foreldraráðs Höfðabergs

Dagsetning	Fundarstaður	Fundarritari
26.5.2025	Höfðaberg	Tinna
Viðstaddir	Leikskólastjóri: Tinna Rún Foreldraráð: Sigurlaug, Sunna Berglind og Viktor	

Dagskrá fundar, umræður og ákvarðanir

Starfsmannamál: Staðan fyrir haustið er góð.

Skóladagatal: Drög fyrir skóladagatal 2026-2027 kynnt.

Bókun foreldraráðs

Foreldraráð leikskólans Höfðabergs staðfestir að skóladagatal 2026-2027 hefur verið kynnt fyrir okkur og rætt á fundi þann 26.05.25.

Þar er sama skipulag og áður hefur verið kynnt með skráningardaga og lengingu sumarleikskólans. Foreldraráð vill áfram koma á framfæri áhyggjum vegna hraðrar fjölgunar þessara daga en ekki er á allra færi að nýta sér sumarleikskóla og púsluspilið verið heilmikið hingað til með skráningardaga (enda skilaboðin þau að þeir séu ætlaðir þeim sem nauðsynlega þurfa vinnu sinnar vegna og hafa engin önnur úrræði eða aðstoð). Lágmarksorlof á almennum markaði stendur enn í stað í 24 dögum og vinnutímastytting í flestum tilfellum engan vegin í samræmi við það sem þyrfti til að koma til móts við styttingu leikskólans. Þetta veldur áhyggjum, sér í lagi fyrir þá sem minna bakland hafa.

Sú staðreynd að lág skráning er í sumarleikskóla ætti ekki að túlka á þann hátt að foreldrar eigi auðvelt með að mæta aukinni heimaveru barna. Það er frekar merki um að úrræðinu sé ábótavant, enda margir foreldrar sem hika eðlilega við að vista barnið sitt á stað sem það þekkir ekki, með börnum það þekkir ekki, í forsjá kennara sem það þekkir ekki.

Virðingarfyllst,
Foreldraráð leikskólans Höfðabergs